

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 232/2013

2014/EES/29/19

frá 13. desember 2013

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66wj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011):  
„66wk. **32012 R 0923**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 66wa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 730/2006), lið 66we (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1265/2007), lið 66wi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010) og lið 66xc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 0923**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66wc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006) og lið 66wd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1794/2006):  
„– **32012 R 0923**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 923/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2013 frá 13. desember 2013 <sup>(2)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar

(1) Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 24.

sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2013 frá 13. desember 2013 <sup>(3)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 <sup>(4)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Dórir Ibsen***

formaður.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.